| Öryggi og aðbúnaður | Umönnun og stuðningur við uppeldi | Næring | Samskipti við foreldra | Samstarf og símenntun |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfi og aðstaða barna er örugg og snyrtileg. Leikrými barna er rúmgott og hlýlegt. | Dagforeldri sýnir börnum umhyggju, leggur áherslu á vellíðan og styður við þroska barnanna. | Börn fá fullnægjandi og viðeigandi næringu. | Lögð er rækt við að búa til og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra. | Samstarf er við daggæsluráðgjafa í hverfinu. |
| Reglugerð um öryggisatriði er varða húsnæði og starfsemi er fylgt. | Börnin eru glöð og líður vel í daggæslunni. Þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegu starfi. | Opinberar ráðleggingar um hvað telst viðeigandi næring er höfð til hliðsjónar matseðli. | Foreldrar eru ánægðir með daggæsluna og finnst komið til móts við þarfir barna sinna. | Dagforeldri sækir reglulega fræðslufundi eða stutt námskeið sem eru í boði. |
| Aðgangur er að útileiksvæði með leiktækjum og búnaði við hæfi ungra barna. | Stutt er við málþroska barna með söng, lestri og tali. Dagforeldri styður við leik barna með þátttöku. | Sé staðfest fæðuofnæmi til staðar hjá barni er mataræði aðlagað að því. | Aðlögun barna er markviss og tekið er mið af þörfum hvers barns. | Regluleg samvinna er við aðra dagforeldra innan eða utan hverfis. |
| Aðstæður utandyra er öruggar fyrir börn ef þau sofa úti og fylgst er með umhverfisaðstæðum áður en börn eru lögð til svefns. | Leikföng og bækur hæfa aldri og þroska barnanna og eru aðgengileg fyrir þau. Leikföngum er skipt út reglulega til að auka fjölbreytni. | Foreldrar fá upplýsingar um næringu barnsins hjá dagforeldri. | Gott og gagnkvæmt upplýsingaflæði er milli foreldra og dagforeldra, bæði með formlegum og óformlegum hætti. | |
| Vagnar eru geymdir á öruggum stað og gætt að hreinlæti þeirra. Svefnaðstaða er til staðar innandyra. | Börnin fá tækifæri til tjáningar og hreyfingar, innan og utandyra. | Börnin eru hvött til sjálfshjálpar við máltíðir. | Dagforeldri notar samskiptamiðla til upplýsingagjafar með öruggum hætti og í samstarfi við foreldra. | |
| Rými/staður er fyrir fatnað og annað sem tilheyrir börnum í húsnæðinu. | | | | |
| Dagforeldri þekkir verklag um tilkynningu til barnaverndar. | | | | |